

# Tal- og málþroski barna með skarð í gómi

Upplýsingar fyrir foreldra



Umsjón verkefnis: Friðrik Rúnar Guðmundsson , Hrafnhildur Halldórsdóttir, Kristín Th.

Þórarinsdóttir og Þóra Másdóttir, talmeinafræðingar.

Efnið var tekið saman fyrir fjölskyldur barna undir tveggja ára aldri sem fæðast með skarð í vör og/eða góm.

Desember 2010. Endurskoðað í mars 2015 og september 2019

**Ljósritun er óheimil.**

# Formáli

---

Þegar barn fæðist með skarð í vör og/eða gómi vakna upp margvíslegar spurningar. Hvað gerum við nú? Hvert eigum við að snúa okkur? Hvaða vandamál munu mæta barninu og hvernig getum við sem foreldrar brugðist við á sem bestan hátt? Talmeinafræðingar Heyrnar- og talmeinastöðvar hafa tekið saman upplýsingarnar sem hér fara á eftir og leitast við að svara spurningum er lúta að máli og tali barnsins.

Æskilegt er að fylgjast reglulega með tali barna sem fæðast með skarð í vör og/eða gómi þannig að hægt sé að grípa inn í með talþjálfun ef þörf er á. Sú þjálfun getur farið fram á Heyrnar- og talmeinastöðinni. Það ferli sem nú er í gangi gerir ráð fyrir að talmeinafræðingar Landspítalans hitti barnið og forelda þess fljótlega eftir fæðingu og aftur við 3 mánaða aldurinn sem og 6-9 mánaða aldurinn. Í framhaldi af því er barninu svo vísað á Heyrnar- og talmeinastöð Íslands sem kallar foreldrana í viðtal þegar barnið er um 1 árs. Ef barnið hefur ekki hitt talmeinafræðing um 9-12 mánaða aldurinn er foreldrum ráðlagt að panta viðtalstíma annað hvort hjá Landspítalanum eða HTÍ

Við vonum að þetta hefti verði til þess að styðja ykkur fyrstu skrefin.

Starfsfólk Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands.

# Þróun máls og tals fyrstu tvö árin

Aldur	Hlustun og skilningur	Tal
0 – 3 mánaða	<ul style="list-style-type: none"> <li>Bregst við hljóðum</li> <li>Þagnar eða brosir þegar þú talar til þess</li> <li>Eykur eða minnkar sog sem viðbragð við hljóði</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hljóðmyndun ósjálfráð</li> <li>Lýsir ánægju / óánægju með hljóðum</li> <li>Hjalar</li> <li>Brosir þegar það sér þig</li> </ul>
4 – 6 mánaða	<ul style="list-style-type: none"> <li>Snýr höfði sínu á móti hljóðinu</li> <li>Bregst við hljóðbrigðum í rödd þinni</li> <li>Gefur gaum að leikföngum sem búa til hljóð</li> <li>Gefur gaum að tónlist</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Leikur að hljóðum eykst</li> <li>Byrjar að babbla; myndar hljóðarunur eins og <i>mamama</i>, <i>dadadada</i></li> <li>Gefur í auknum mæli til kynna með röddinni þegar það er ánægt eða óánægt</li> </ul>
7 – 11 mánaða	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skilur <i>nei-nei</i></li> <li>Hefur gaman að leikjum á borð við „<i>týndur - bö</i>“ („<i>gjugg-í-borg</i>“).</li> <li>Snýr höfðinu markvisst í átt að hljóði</li> <li>Hlustar þegar talað er til þess</li> <li>Kannast við algeng orð eins og <i>glas</i>, <i>skór</i> eða <i>mjól</i></li> <li>Byrjar að bregðast við þegar sagt er t.d. <i>Komdu hingað</i> eða <i>Viltu meira?</i></li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Babblið eykst og fjölbreytni hljóða verður meiri</li> <li>Hermir eftir málahljóðum</li> <li>Notar röddina til að fá athygli</li> <li>Orð eða hljóðarunur eins og <i>mamma</i> og <i>babba</i> geta farið að bera í sér merkingu</li> <li>Reynir að tjá sig með athöfnum og látbragði</li> </ul>
12 - 17 mánaða	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skoðar leikfang eða bók í a.m.k. 2 mínútur</li> <li>Fylgir einföldum fyrirmælum sem studd eru látbragði</li> <li>Bregst við einföldum spurningum</li> <li>Bendir á þekkta hluti, myndir og fjölskyldumeðlimi þegar það er spurt</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Eðlilegt er að það noti tvö til þrjú orð yfir persónur eða hluti en smám saman bætist við orðaforðann. Hvert orð getur haft fleiri en eina merkingu</li> <li>Reynir að líkja eftir einföldum orðum</li> </ul>
18 - 23 mánaða	<ul style="list-style-type: none"> <li>Bendir á líkamshluta eins og nefið, munninn eða hárið</li> <li>Fer að hlýða á stuttar sögur, vísur og söngva</li> <li>Fylgir einföldum fyrirmælum án bendinga eða látbragðs</li> <li>Skilur einfaldar athafnir eins og <i>að borða</i>, <i>að sofa</i> (<i>lúlla</i>) eða <i>að detta</i></li> </ul> <div style="border: 1px solid black; padding: 5px; margin-top: 10px;"> <p>Sjá frekari upplýsingar á <a href="http://www.hti.is">www.hti.is</a></p> </div>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Notar mest samhljóðin <i>n</i>, <i>m</i>, <i>b</i>, <i>d</i>, <i>h</i> með sérhljóðum</li> <li>Segir allt frá 10 orðum upp í 90 (mikill einstaklingsmunur), t.d. <i>skór</i>, <i>sokkar</i> eða <i>mjól</i>. Framburður enn óskýr og geta orðin hljómað sem <i>gó</i>, <i>þokka</i> eða <i>mokk</i></li> <li>Hermir eftir nokkrum dýrahljóðum</li> <li>Byrjar að tengja saman orð svo sem <i>meira nammi</i> eða <i>pabbi koma</i></li> <li>Byrjar að nota einföldustu fornöfn eins og <i>mín</i> eða <i>minn</i></li> </ul>

# Eðlilegt tal og hljóðþróun

## Hljóðþróun og framburður barna

Börn mynda fyrstu máhljóðin þegar þau byrja að hjala og babla. Fyrst í stað líkjast þau ef til vill alls ekki þeim hljóðum sem þau læra seinna í máltökunni. Engu að síður er kominn vísir að máhljóðum og fljótlega fara þau að taka á sig skýrari mynd. Þegar börn segja fyrstu orðin sem bera í sér merkingu nota þau mikið til sömu hljóðin. Algennt er að *mamma* sé fyrsta orðið og einnig *babba* (fyrir pabbi). Það er alls engin tilviljun að einmitt þessi hljóð (þ.e. /m/, /b/ og /a/) verði fyrir valinu til að tákna mikilvægasta fólkið í lífi barnsins heldur stafar það m.a. af því að fyrst í stað eiga börn „auðveldast“ með að mynda þessi hljóð.

Fyrstu samhljóð íslenskra barna eru yfirleitt /m/, /b/, /n/, /d/. Fljótlega bætast við /l/, /j/ og /v/. Börn mynda snemma ýmis sérhljóð en oftast er /a/ það hljóð sem þau nota fyrst í hljóðastrengjum á borð við *mamama...* og *bababa...* o.s.frv. Smám saman ná börn betri stjórn á talfærunum til að mynda flóknari hljóðasamsetningar auk þess sem skilningur á mæltu máli og getan til að tjá sig eflist jafnt og þétt. Framburður fyrstu orðanna er gjarnan töluvert frábrugðinn því sem heyrst í máli fullorðinna. En eftir því sem börn þroskast og verða færari í að tjá sig verður tal þeirra líkara tali eldri barna og fullorðinna. Ekki er beinlínis hægt að tala um frávík í tali þegar börn eru á öðru og þriðja ári heldur er fremur um eðlilega þróun í máhljóðamyndun að ræða. Sem dæmi má nefna að fæst börn geta myndað /r/ hljóð þegar þau eru tveggja ára. Hins vegar er meiri hluti fimm ára barna búinn að ná tökum á hljóðinu. Einnig er algennt að ung börn myndi /d/ og /t/ í stað /g/ og /k/ en í kringum þriggja ára aldurinn hafa langflest börn tileinkað sér réttu hljóðin. Hljóðin sem lærast seint hjá börnum miðað við önnur hljóð eru m.a. /r/, /s/ og /þ/. Um fjögurra ára aldur hafa börn tileinkað sér flest máhljóðanna en sum eiga enn í basli með samhljóðasambönd (t.d. verður *blaðra* oft að *blarða* og *kartafla* verður *karpatta*). Samfellt tal barna á þessum aldri ætti að vera orðið vel skiljanlegt ókunnugum viðmælendum.




# Áhrif skarðs í gómi á tal barna

„Mun barnið mitt eiga í erfiðleikum með að tala?“


Yfirleitt eiga börn sem fæðast eingöngu með skarð í vör ekki við talörðugleika að etja. Tal barna sem fæðast með skarð í gómi þróast oft eðlilega án þess að barnið þurfi á beinni talþjálfun að halda. Þó þurfa sum þessara barna talþjálfun þegar fram líða stundir. Við skulum skoða hvernig tal er myndað til þess að reyna að átta okkur á því hvernig skarð í gómi getur haft áhrif á tal og framburð hljóða.

„Hvernig tölum við?“

Þegar við myndum hljóð streymir loft úr lungunum, upp í gegnum barkakýlið og við notum góminn, tunguna, varirnar og tennurnar til að móta hljóðin. Til dæmis lokast varirnar þegar við myndum /b/ og tungan lyftist að tannbergi þegar við myndum /d/. Öll íslensku máhljóðin, nema /m/ og /n/, eru mynduð í munnholi. Við myndun munnhljóða er nefholinu lokað og öllu lofti er beint út í gegnum munnholið. Mjúki gómurinn, sem er aftasti hluti gómsins, sér um að loka fyrir loftstrauminn með því að lyftast og falla aftur að kokveggnum. Á mynd 1 sést staðsetning mjúka gómsins við myndun munnhljóða. Hins vegar lækkar mjúki gómurinn þegar nefhljóðin /m/ og /n/ eru mynduð og þá fer loftstraumurinn út í gegnum nefholið. Á mynd 2 sést staða mjúka gómsins í eðlilegri innöndun og við myndun nefhljóða.



**Mynd 1.** Myndun munnhljóða: mjúki gómurinn lyftist upp og lokar nefholinu.



**Mynd 2.** Eðlileg innöndun: mjúki gómurinn nemur við aftasta hluta tungunnar og loftið streymir inn um nefið. Við myndun nefhljóða streymir loftið út um nefið.


„Hvernig hefur þetta áhrif á tal barnsins míns?“

Börn sem fæðast með skarð í gómi mynda gjarnan færri máhljóð en jafnaldrar þeirra áður en aðgerð hefur farið fram. Skarð í vör og/eða gómi getur haft áhrif á tal barns af eftirtöldum ástæðum:


- Þróun máhljóða getur verið hæg vegna skarðsins, til dæmis þegar tungan snertir ekki góminn á réttum stað. Barnið á það til að láta tunguna snerta góminn aftar, þannig að það myndar /k/ í staðinn fyrir /t/.
- Stundum nær mjúki gómurinn ekki að loka á milli nefhols og munnhols jafnvel þó barnið hafi farið í aðgerð á gómnum. Það getur verið vegna þess að gómurinn:
  - er of stuttur,
  - nær ekki að teygja sig nógu langt aftur á bak eða upp á við,
  - hreyfist ekki nógu hratt.

Þetta veldur erfiðleikum við að byggja upp nægan þrýsting í munni til að hægt sé að mynda hljóð eins og /p/, /t/, /s/ og /f/ og loft getur sloppið upp í nefholið sem veldur nefjuðu tali eða *opnu nefmæli*. Það sama á við ef gat (fistill) er í gómnum eftir aðgerð. Á myndum 3 og 4 sést hvernig loftstraumurinn fer upp í gegnum nefholið þegar mjúki gómurinn nær ekki að loka alveg fyrir.

- Sum barnanna byrja seinna að tala í setningum. Nokkuð algengt er að vökvi safnist upp fyrir aftan hljóðhimnuna hjá börnum með skarð í gómi sem getur orsakað tímabundna heyrnarskerðingu og þar af leiðandi seinkað eðlilegri talþróun.
- Erfiðleikar sem tengjast vandræðum með tennur og kjálka geta líka leitt til erfiðleika við að mynda skýr máhljóð.



**Mynd 3.** Mjúki gómurinn er of stuttur og nær þar af leiðandi ekki að lyftast og loka fyrir nefholið.



**Mynd 4.** Hreyfigeta mjúka gómsins er ekki næg til þess að hann nái að loka fyrir nefholið.



# Mat og eftirfylgni

## Heyrn

Frá því í apríl 2007 hafa börn sem fæðst hafa á Landspítala – háskólasjúkrahúsi verið heyrnarmæld í fimm daga skoðun. Mælingin tekur stuttan tíma og hægt er að framkvæma hana á meðan barnið sefur. Hún er á engan hátt óþægileg fyrir barnið og foreldrar eru viðstaddir. Mörg börn með skarð í gómi standast ekki þessa mælingu og þá er þeim vísað á Heyrnar- og talmeinstöð Íslands til frekari mælinga. Börn sem fæðast með skarð í gómi eru oft viðkvæm fyrir miðeyrnasjúkdómum. Kokhlustin sem jafna á þrýsting milli nefkoksins og miðeyrans er oftast en ekki sködduð. Það veldur því að þrýstingurinn í miðeyranu verður óeðlilegur og þar vill safnast vökvi. Slíkt ástand þarf ekki að valda miklum óþægindum hjá barninu og því getur þetta leynst nokkuð lengi. Þessu ástandi fylgir oftast tímabundin heyrnarskerðing og því er brýnt að fylgst sé vel með ástandi eyrnanna. Ef það er gert er síður hættu á erfiðleikum eða varanlegum skemmdum á miðeyranu.

## Mál og tal

Talið er að um 8% leikskólabarna eigi í erfiðleikum með að mynda máhljóð. Þetta þýðir að sum börn með skarð í vör og/eða gómi geta einnig átt erfitt með myndun máhljóða án þess að þeir erfiðleikar tengist beint skarðinu. Talmeinafræðingur getur hjálpað foreldrum að gera greinarmun á þessum erfiðleikum og þeim sem tengjast skarðinu. Í boði er að talmeinafræðingur á Heyrnar- og talmeinstöð fylgist með tal- og málþroska barns þíns og veiti þér upplýsingar og ráðleggingar um hentuga mál- og hljóðörvun.

Mikilvægt er að fylgjast með framförum barnsins reglulega þannig að hægt sé að grípa inn í með talþjálfun ef þess gerist þörf. Ef barnið þitt er með skarð í vör og/eða gómi er æskilegt að fylgst verði með tali þess. Sérstaklega er gott að fylgjast með því hvaða áhrif skarðið hefur á myndun máhljóða og framburð orða og hvort meira loft berist upp í gegnum nefið en eðlilegt geti talist í tali (nefjun eða opið nefmæli).

Samvinna er á milli Landspítala og Heyrnar- og talmeinstöðvar um börn sem fæðast með skarð í gómi eða vör. Talmeinafræðingar LSH bjóða upp á ráðgjöf og eftirfylgni til ca. 12 mánaða aldurs og vísa svo til talmeinafræðinga HTÍ. Boðið er upp á viðtal við talmeinafræðing á Heyrnar- og talmeinstöð þegar barnið er 12- 18 mánaða og um svipað leyti fer einnig fram þrýstings- og heyrnarmæling. Heyrnar og talmeinstöð sér svo um að kalla barnið inn eftir þörfum hvers og eins og í boði er að fá talþjálfun. Hægt er að leita til talmeinafræðinga okkar hvenær sem er til að fá aðstoð og ráðleggingar.



# Almenn málörvun

Málörvun barna er alltaf af hinu góða. Gott er að hvetja börn til að mynda hljóð og leika sér með þau því að eftir því sem þau verða eldri þróast hljóðin yfir í málahljóð og orð. Það þarf að gefa sér tíma til að spjalla við barnið hvort sem um er að ræða í leik eða daglegum störfum hversdagsins. En barnið verður líka að hafa svigrúm til að nema það sem við segjum og við þurfum að gefa því tíma til að svara. Hér á eftir fara nokkrar hugmyndir að málörvun og leikjum sem hvetja börn til að tjá sig.

## Nefnum athafnir

Tölum um það sem við gerum á hverjum degi, innan heimilis sem utan. Til dæmis þegar við erum að elda („nú set ég vatn í pottinn og svo fiskinn ofan í. Mmm... mér finnst fiskur svo góður.“), kaupum í matinn, þvolum bílinn, hengjum upp þvott o.s.frv. Tölum þegar við leikum við barnið án þess að spyrja beinna spurninga sem krefjast já/nei svars („Hvar ætli rauði kubburinn sé? Hérna er hann, nú set ég hann ofan á græna kubbinn.“).



## Tölum um atburði í nútíð, þátíð og framtíð

Ung börn lifa í núinu. Við þurfum smátt og smátt að byggja ofan á, tala um það sem gerst hefur og það sem á eftir að gerast. Þannig lærir barnið að skynja tímann og við leggjum grunn að skipulagningu frásagnar. Tölum um það sem við ætlum að gera á eftir („fyrst ætlum við að fara í sund og svo að heimsækja ömmu. Hún gefur okkur kannski ís.“). Síðan er hægt að rifja upp skemmtilega atburði („Manstu hvað við gerðum í gær? Fyrst fórum við í sund og svo til ömmu. Manstu hvað amma gaf okkur góðan ís?“). Ekki er verra að hafa myndir til að styðjast við þegar skemmtilegir atburðir eru rifjaðir upp.

## Notum sömu orðin – í mismunandi samhengi

Börn læra stöðugt ný orð og til að auðvelda þeim að víkka orðaforðann þurfum við að vera þeim góð fyrirmynd. Dæmi: „Sjáðu boltann. Hann er sko aldeilis fínn þessi rauði bolti. Þú átt næstum alveg eins bolta. Eigum við að setja litla rauða boltann oní kassann?“ „Er þér heitt? Já, ég veit, það er sjóðheitt hér inni!“ „Ertu svöng? Ég er líka sársvöng / Ég er líka glorhungeruð.“

## Verum barninu skýr málfrirmynd

Reynum að öðlast tilfinningu fyrir málskilningi barnsins. Notum setningar sem við vitum að barnið skilur en bætum stöðugt við nýjum orðum og hugtökum. Notum bendingar til skýringar (t.d. benda á hluti eða myndir) og útskýrum orð eða notum samheiti („veistu að drengur þýðir það sama og strákur?“). Gætum þess að tala ekki of hratt.

### Bergmálun

Oft er talað um að beinar leiðréttingar á málfari skili ekki árangri, a.m.k. ekki þegar barnið er ungt að árum. Höfum „rétt“ mál fyrir barninu með því að endurtaka það sem þau segja á réttan hátt. Dæmi: Barnið segir, „dúkkan sofaði með mér í rúmið í nóttina.“ Við segjum við barnið, „svaf dúkkan hjá þér í rúminu í alla nótt?“ Endurtökum jafnvel orðin eða setninguna í öðru samhengi.

### Hvetjum barnið til að segja frá

Það er gott fyrir barnið að læra að skipuleggja frásögn og segja frá atburðum. Við þurfum að vera góð fyrirmynd. Segjum frá okkar degi áður en við spyrjum hvað þau hafi verið að gera í leikskólanum. Rifjum sameiginlega upp skemmtilega atburði. Fyrir börn sem skynja illa atburðarás og eiga í erfiðleikum með að segja frá er gott að nota dagbækur sem ganga t.d. á milli heimilis og leikskóla. Flestum hentar vel að láta myndir (t.d. „clip art“ myndir úr tölvum eða myndir úr stafrænum myndavélum) fylgja með til að örva barnið til frásagnar.

### Málörvun í bílnum

Flestir eyða dágóðum tíma á degi hverjum í bíl. Notum þennan tíma til að örva mál barnsins, t.d. rifja upp atburði dagsins, nefna kennileiti, syngja eða fara með vísur, hvað sem er. Látum það þó ekki trufla okkur við aksturinn!

### Þykjustuleikir

Förum í þykjustuleiki með börnunum. Það geta verið dúkku-, búðar-, löggú- eða læknisleikir eða þykjast að tala í síma. Verum dugleg að nota þykjustuhluti til að virkja og efla ímyndunarafl barnsins.

### Búum til sögur saman

Segjum sögur upp úr okkur eða eftir myndum. Hvetjum barnið til þess sama. Skrifum niður sögur sem barnið segir. Hægt er að búa til litla bók með auðum blaðsíðum, skrá sögur og leyfa barninu að skreyta bókina. Einnig er sniðugt að klippa út teiknimyndasögur úr dagblöðum, raða í rétta röð og líma í bók. Barnið er þá hvatt til að „lesa“ söguna og rekja hana frá vinstri til hægri (líkt og texta í bókum).



### Lesum á hverjum degi

Það er deginum ljósara að lestur fyrir börn felur í sér mikla og góða málörvun. Við lestur örvum við orðaforða barna, þau kynnast annarskonar málfari en við notum venjulega og það er hollt og gott að lesa sömu bækurnar aftur og aftur. Börnin skynja uppbyggingu frásagnar, skipulag atburðarásar, orðaröð og setningagerð. Við upphaf lestrar ættum við að skoða bókarkápuna með barninu, spá í nafnið á bókinni og íhuga efni bókarinnar út frá titlinum. Þegar við lesum þurfum við að hafa orðaskil greinileg, ýkja örlítið blæbrigði, benda á myndir um leið og lesið er, útskýra orð og hugtök í stuttu máli ef þörf krefur eða nefna önnur orð til skýringar. Byrjum að lesa fyrir börn um leið og þau geta fylgst með stórum og einföldum myndum (vanalega upp úr þriggja mánaða aldri).

### Syngjum saman

Syngjum fyrir eða með barninu alveg frá fæðingu þess. Kynnum okkur hvað verið er að syngja í leikskólanum. Hlustum á spólur eða geisladiska með skemmtilegum lögum sem hægt er að syngja. Börnum finnst gaman að setja nýja (bulltexta) við gömul lög. Gott er að lesa fyrir barnið skemmtilegar rímaðar vísur eða kvæði með söguþræði, t.d. Tótu tætibusku, En hvað það var skrítið!, Handagúndavél o.s.frv. Leikum okkur með rím og hvetjum barnið til að „bullríma“. Sum börn hafa ekki gaman að söng vegna þess að þau ráða ekki við orðin eða taktinn (hrynjandina). Með þessum börnum er hentugt að nota tákn (sbr. Tákn með tali) og syngja hægt og taktvisst. Flest börn hafa gaman af að syngja – fyrir eða síðar!

### Tölum (og tölum...) við barnið

Öflug málörvun er alltaf af hinu góða. Það þarf að gefa sér tíma til að spjalla við barnið hvort sem um er að ræða í leik eða daglegum störfum hversdagsins. En barnið verður líka að hafa svigrúm til að nema það sem við segjum og við þurfum að gefa því tíma til að svara.

### Kynnum ný orð og hugtök til sögunnar

Í leik eða daglegum athöfnum er gott að nefna liti, tölur og bókstafi þegar slíkt á við. Tölum um afstöðuhugtök (t.d. undir, yfir, kringum, við hliðina o.s.frv.), lýsandi hugtök (t.d. þessi pollur er grunnur en þessi er djúpur, eða, þessi bolti er stærri en þessi og þessi er minnstur). Nefnum líkamshluta, t.d. þegar verið er að baða eða háttá. Tölum um mismunandi áferð t.d. fatnaðar (mjúkur, hrjúfur) o.s.frv. Allt sem okkur dettur í hug!

### Teiknimyndir í sjónvarpi

Horfum með barninu á leikna mynd eða teiknimynd í sjónvarpi eða á myndbandi. Tölum um myndina og rifjum upp söguþræðinn. Veltum fyrir okkur með barninu hvernig sagan hefði getað endað á annan hátt. Spyrjum opinna spurninga (ekki spurninga sem krefjast þess að svarað er eingöngu með já eða nei). Hvetjum barnið til að sitja ekki lengi í einu fyrir framan sjónvarpsskjáinn.



### Gátur

Leggjum fyrir börnin einfaldar gátur, t.d. Hvað er lítið og loðið og geltir voff, voff? Hvað er rautt og vex á trjám? Einnig er hægt að fara í leiki eins og „Ég sé...“ (lýsa hlut og barnið reynir að geta upp á).

### Brandarar

Börn fá fljótt tilfinningu fyrir kímni. Frá unga aldri er hægt að bulla með þeim og búa til skrítn hljóð og orð. Seinna er hægt að leika sér með orð og setningar. Oft eru heimatilbúnir, einfaldir brandarar skemmtilegastir.

### Tölvuleikir

Til eru alls konar málörvandi tölvuleikir og skal þá sérstaklega bent á ýmsar netsíður eins og skolavefurinn.is, namsgagnastofnun.is og fleiri íslenskar leikjasíður. Ekki gleyma því að við örvum barnið mest og best með því að vera í návist þess og tala við það – og umfram allt, leyfa því að tjá sig.

## Leikir sem örva mál og tal ungra barna

---

Flest börn eyða stórum hluta dagsins í leik. Margir foreldrar velta því fyrir sér hvort ákveðin leikföng séu betri en önnur til að örva mál og tal. Í raun er það ekki leikfangið sem gerir leikinn góðan. Það mikilvægasta er að barnið hafi einhvern fullorðinn sem hefur áhuga á að leika við það. Leikir sem hvetja börn til að eiga samskipti við annað fólk og sem búa til tækifæri fyrir annað fólk til að taka virkan þátt í því sem barnið er að gera eru góðir til að örva mál og tal.

Dæmi um leiki og orðaforða sem tengist þeim:

- Bílabraut (bíll, bílar, renna, upp, niður, ýta, ýta bíl, keyra bíl, bíllinn fer hratt)
- Flugvél (opna, loka, inn, út, upp, niður, fólk, maður, kona, hratt)
- Bolti (stór, lítill, tveir boltar, gulur, rauður, kasta/henda bolta, grípa, sparka, hátt upp í loft, ofan í)
- Dúkka, bangsi, teppi og koddi (sofa/lúlla, borða, drekka/súpa, sss - ekki hafa hátt, peli, þvo dúkku, fara í göngutúr, þurrka, gefa að borða, smekkur, föt)
- Lítill húsbúnaður, bollastell (glas, glös, bolli, bollar, skeið, gaffall, hnífur, diskur, hella, mmm - gott, kaffi, mjólk, viltu gefa mömmu/pabba?, meira)
- Dýr (hestur, kýr/kusa, kind, kisa, hundur, svín, dýrahljóð (me, mu), hlaupa, detta, bíta gras, inni í girðingu)
- Kubbar (litir, magnhugtök (allt, mikið af, lítið af, ekkert/enginn, tölur), byggja hús, byggja stórt hús, gluggi, strompur)
- Lestur (t.d. Svona stór, Bína bálreiða, Lubbi finnur málbein, Lærum og leikum með hljóðin - endurtekningar á orðum og setningum, örvun á látbragði, myndun máhljóða og einföldum orðaforða)

### Heimildir:

- ASHA – milestones: <http://asha.org/public/speech/development/chart.htm>.
- Elín Þöll Þórðardóttir. (1998). *Orðaskil*. Framsaga, Reykjavík.
- Friðrik Rúnar Guðmundsson (1999). *Íslendingar fæddir með skarð* Meistararitgerð, KHÍ, Reykjavík.
- Heyrnar- og talmeinastöð Íslands (án dags.). *Málþroski barna* [bæklingur].
- Heyrnar- og talmeinastöð Íslands (án dags.). *Heyrir barnið þitt?* [bæklingur].
- Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. (án dags.). *Almenn málörvun barna*. Á heimasíðu HTÍ: [www.hti.is](http://www.hti.is)
- Oxford Radcliffe Hospitals (2007). *Speech development in children born with a cleft palate or cleft lip and palate: Information for parents* [bæklingur].
- Scherer, N.J., D'Antonio, L.L. og McGahey, H. (2008). Early Intervention for Speech Impairment in Children With Cleft Palate. *The Cleft Palate – Craniofacial Journal*, 45, 18-31
- Skarð í vör og góm*. (1999). Reykjavík: Breið bros.
- The Spires Cleft Centre: <http://www.spirescentre.nhs.uk/about-clefts/development/speech.aspx>.
- Þóra Másdóttir. (2008). *Phonological development and disorders in Icelandic-speaking children*. Newcastle University, Bretlandi.

### Myndir:

- Kummer, A. W. (ritstj.) (2008). *Cleft Palate and Craniofacial Anomalies Effects on Speech and Resonance* (2. útg.). New Albany, NY: Delmar Cengage Learning.